



Forsætisnefnd

Reykjavík, 11. september 2024

MSS24090041

**Beiðni um tímabundna lausn frá störfum í borgarstjórn**

Skrifstofu borgarstjórnar hefur borist beiðni Helga Áss Grétarssonar, varaborgarfulltrúa, um lausn frá störfum sínum í borgarstjórn frá 18. september til 19. nóvember 2024.

Óskað er eftir að forsætisnefnd vísi erindinu til samþykktar á vettvangi borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofustjóri borgarstjórnar*

Hjálagt: Erindi Helga Áss Grétarssonar dags. 9. september 2024



**Reykjavík**

Skrifstofa borgarstjórnar,  
b.t. Helgu Bjarkar Laxdal,  
Ráðhúsið, Tjarnargötu 11,  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 9. september 2024

**Efni: Beiðni um tímabundna lausn frá störfum sem borgarfulltrúi**

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 óskar undirritaður, Helgi Áss Grétarsson, eftir því að borgarstjórn Reykjavíkur veiti honum tímabundna lausn frá störfum sem fyrsti varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins frá og með 18. september til og með 19. nóvember 2024.

Undirritaður varð Íslandsmeistari í skák í opnum flokki í lok apríl síðastliðnum og í kjölfarið hafa skapast ýmis tækifæri á sviði skáklistarinnar, meðal annars á ofangreindu tímabili. Þar sem undirritaður hyggst nýta sér þau tækifæri þá getur hann ekki, án óhæfilegs álags, gegnt skyldum sínum í borgarstjórn.

Virðingarfyllt,



Helgi Áss Grétarsson